

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Grundarfjarðarbæ.

Óverulega deiliskipulagsbreyting – iðnaðar- og athafnasvæði vestan Kvernár.

Þann 2. september 2020 samþykkti bæjarráð, sem síðar var staðfest 10. september á 241. fundi bæjarstjórnar, óverulega deiliskipulagsbreytingu á iðnaðar- og athafnasvæði vestan Kvernár.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Deiliskipulag iðnaðar- og athafnasvæðis vestan Kvernár var staðfest 1. júlí 1999. Deiliskipulaginu var síðast breytt og samþykkt þann 28. ágúst 2015.

Deiliskipulagsbreytingin nær til lóðar Ártúns 3, þar sem byggingarreitur er stækkaður um 10 metra til austurs. Heimilt er að stækka byggingu um allt að 150 m². Nýtingarhlutfall helst óbreytt.

Gerð er breyting á upprætti, þar sem byggingarreitur er stækkaður.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Grundarfirði, 10. mars 2021.

Sigurður Valur Ásbjarnarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.